

## Re: Tillaga að breytingu deiliskipulags fiskeldisstöðvar Rifóss á Röndinni Kópaskeri.

Búið til	13.12.2022 15:23:03
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	13.12.2022 15:23:01
Tilheyrir	202211-0001 - Fiskeldisstöðvar Rifóss á Röndinni Kópaskeri, tillaga að breytingu á deiliskipulagi.

### Efni

Re: Tillaga að breytingu deiliskipulags fiskeldisstöðvar Rifóss á Röndinni Kópaskeri.

### Upplýsingar

### Vinnsla

Sent	13.12.2022 15:23:01	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	sigurdis@nordurthing.is
Cc	nordurthing@nordurthing.is

### Innihald

Góðan dag,  
Meðfylgjandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Tilvísun í mál nr. 202211-0001 (LA).

Vísað er í bréf frá skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurlands, dags. 28. október 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingartillögu deiliskipulags fiskeldisstöðvar Rifóss á Röndinni, Kópasker.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér breytingartillöguna og gerir ekki athugasemdir við þær, en vill taka undir álit Skipulagsstofnunar frá 11. júlí 2022 um umhverfismatskýrslu, en þar stendur:

„Skipulagsstofnun telur að nauðsynlegt sé að staðsetning borhola liggja skýrt fyrir í umsókn um nýtingarleyfi Orkustofnunar og að nýtingarleyfi þurfi að setja skilyrði um áfangaskipta uppbyggingu eldisins sem og vöktun og viðbrögð ef vöktun leiðir í ljós að vafi leiki á hvort svæðið þoli þá vatnsvinnslu sem fyrirhuguð er. Þá þarf að setja skilyrði í starfsleyfi um reglubundið eftirlit með virkni hreinsibúnaðar, losun mengunarefna og með ástandi viðtaka til þess að ganga úr skugga um að viðtaki, lífríki fjöru og grunnsævis verði ekki fyrir neikvæðum áhrifum af völdum frárennslis frá eldisstöðinni. Skipulagsstofnun telur að ennfremur þurfi að setja ákvæði í framkvæmda- og byggingarleyfi um vandaða hönnun mannvirkja, umhverfismótun og góðan frágang lóðar.“

Náttúrufræðistofnun hvetur Norðurljósi til þess að friðlýsa afmarkaðan setbakka í Röndinni til að varðveita til framtíðar jarðmyndanir sem hafa hátt vísindalegt gildi fyrir síðjökultíma á Íslandi. Náttúrufræðistofnun er reiðbúin í að aðstoða sveitarfélagið við val á jarðlagasniði í Röndinni til varðveislu.

Virðingarfyllst,  
Lovísa Ásbjörnsdóttir  
jarðfræðingur á sviði Náttúruverndar

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 210 Garðabær.  
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is \(https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.ni.is%2F&data=04%7C01%7Csigmar.metusalemsson%40efla.is%7C84a7452e3a304557d78408d997b9123a%7C2335d9ba1c704058a8ae0dbf4f1d91c5%7C1%7C1%7C637707643402188605%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6Ik1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000&sdata=ILEjdR0Hqll1ckP%2FSWTUnR3sqdR6LQvynkSLRNy%2BdfM%3D&reserved=0\)](https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.ni.is%2F&data=04%7C01%7Csigmar.metusalemsson%40efla.is%7C84a7452e3a304557d78408d997b9123a%7C2335d9ba1c704058a8ae0dbf4f1d91c5%7C1%7C1%7C637707643402188605%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6Ik1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000&sdata=ILEjdR0Hqll1ckP%2FSWTUnR3sqdR6LQvynkSLRNy%2BdfM%3D&reserved=0)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

---

**From:** "Sigurdís Sveinbjörnsdóttir" <sigurdis@nordurthing.is>  
**To:** "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>  
**CC:**  
**Subject:** Tillaga að breytingu deiliskipulags fiskeldisstöðvar Rifóss á Röndinni Kópaskeri.  
**Date:** 1.11.2022 09:31:12

Góðan dag

**Efni:** Tillaga að breytingu deiliskipulags fiskeldisstöðvar Rifóss á Röndinni Kópaskeri.

Sveitarstjórn Norðurljósi samþykkti á fundi sínum 27. október 2022 að kynna meðfylgjandi tillögu á deiliskipulagsbreytingu skv. ákvæðum skipulagslaga nr. 123/2010. Sendi ég hér tillögu að deiliskipulagsbreytingu til skoðunar.

Athugasemdir/umsagnir óskast sendar til skrifstofu Norðurljósi að Ketilsbraut 7-9, 640 Húsavík eða í tölvupósti fyrir 15. desember 2022.

Þetta mun einungis berast rafrænt nema að óskað sé eftir öðru.

**Fylgiskjöl**

1. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fiskeldisstöðvar Rifóss á Röndinni Kópaskeri dags. 21.09.2022. Uppdráttur og greinargerð eru sett fram á einu A1 blaði.
2. Afrit auglýsingar um almenna kynningu breytingartillögunnar Rifóss á Röndinni dags. 28.10.2022.

Kveðja

**Sigurdís Sveinbjörnsdóttir**

**Aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa**

Stjórnsýsluhúsi Norðurljósi | Ketilsbraut 7-9 | 640 Húsavík | sími: 464-6100



Um ábyrgð á tölvupósti/email disclaimer (<https://www.nordurthing.is/static/files/disclaimer.pdf>)